



Starfsskrá frístundamiðstöðva

- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar



Reykjavík

Starfsskrá frístundamiðstöðva

Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs (SFS) kemur nú út í annað skipti. Hún byggir á Starfsskrá skrifstofu tómstundamála - ÍTR sem kom út árið 2006 og var uppfærð árið 2015 en haustið 2011 varð frístundastarfið hluti af nýju skóla- og frístundasviði en hafði áður tilheyrt íþróttá- og tómstundasviði (ÍTR).

Hlutverk SFS er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Leiðarljós sviðsins er að börnum og ungmennum í borginni líði vel, þeim fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. [Menntastefna Reykjavíkurborgar](#) leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags en tilgangur hennar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslu í skóla- og frístundastarfi og skerpa á forgangsriðun mikilvægustu umbótaverkefna.

Markmiðið með útgáfu starfsskrár frístundamiðstöðva er að til sé yfirlit yfir starfsemi miðstöðvanna á einum stað á aðgengilegu formi. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar starfa einnig eftir reglum um þjónustu starfseminnar sem samþykktar eru af borgaráði. Í starfsskrá eru leiðarljós með

starfseminni sett fram, fjallað er um þrípætt gildi og lykilmælinið þrípætti frítímastarfs auk þess sem helstu starfsþáttum eru gerð skil. Starfsskráin er kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar þar með veigamikinn sess ásamt Menntastefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun frístundamiðstöðva ár hvert. Starfsskráin veitir einnig innsýn í það fjölbreytta starf sem frístundamiðstöðvar standa fyrir.

Uppfærsla á Starfsskrá frístundamiðstöðva er unnin af vinnuhópi sem skipaður var til verksins í október 2025. Starfsskráin byggir á fyrri starfsskrám, [Eskulýðslögum](#), [lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna](#), [lögum um grunnskóla](#), [barnaverndarlögum](#), [Barnasáttmálanum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks](#). Að auki var horft til stefnumótunar Reykjavíkurborgar, breytinga í starfsumhverfinu og þróunar sem orðið hefur á fagumhverfi frítímastarfs.

Vinnuhópurinn leggur til að starfsskráin verði endurskoðuð á tíu ára fresti, næst árið 2035. Starfsemi frístundamiðstöðva tekur breytingum í takt við samfélagið og það er mikilvægt að starfsskrá gefi sem réttasta mynd af grunnþáttum í starfseminni á hverjum tíma sem og nýjustu straumum og stefnu í tómstunda- og félagsmálafræðum.

Innihald

<u>Leiðarljós í frístundastarfi SFS</u>	<u>2</u>
<u>Hlutverk skrifstofu frístundamála hjá SFS</u>	<u>3</u>
<u>Gildi frístundastarfs.....</u>	<u>4</u>
<u>Lykilfærni í frístundastarfi.....</u>	<u>7</u>
<u>Frístundamiðstöðvar</u>	<u>9</u>
<u>Frístundaheimili fyrir 6–9 ára</u>	<u>12</u>
<u>Félagsmiðstöðvar fyrir 10–16 ára</u>	<u>15</u>
<u>Kynningarstarf og samvinna.....</u>	<u>19</u>
<u>Heimildaskrá.....</u>	<u>20</u>

Leiðarljós í frístundastarfi SFS

Börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á **virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi**. Sérstaklega er hugað að inngildingu með því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu **forvarnarstarf** þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

● Virk þátttaka

Leitast er við að fá börn og unglinga til að taka virkan þátt í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva til að þau læri að eiga uppbyggilegan frítíma og vera hluti af samfélagi.

● Reynslunám

Reynslunám er ferli þar sem einstaklingurinn byggir upp þekkingu, öðlast færni og þroski gildismat sitt vegna beinnar reynslu af þátttöku í verkefnum (Luckner og Nadler, 1997). Leitast er við að nýta aðferðafræði reynslunáms á sem fjölbreyttastan hátt í frístundastarfinu.

Ígrundun er mikið notuð í reynslunámi. Í ígrundun felst að velta fyrir sér upplifun eða viðfangsefni með markvissum, gagnrýnum og uppbyggilegum hætti (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2024).

● Lýðræði

Lýðræði er grunnþáttur starfsins. Börn og unglingar fá þjálfun í að viðra skoðanir sínar, hlusta á aðra og setja sig í spor annarra. Slík vinnubrögð styrkja sjálfsmynd barna og unglinga, efla gagnrýna hugsun og auka víðsýni (Eygló Rúnarsdóttir, 2017). Með hugmyndafræði og aðferðum lýðræðis eru börn og unglingar þjálfuð í að hafa áhrif á líf sitt og starf. Leitast er við að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð þeirra sem einstaklinga og hvetja þau til að hafa mótandi áhrif á nærumhverfi sitt og samfélag.

● Mannréttindi

Öll börn hafa rétt til þátttöku og til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þess er gætt að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kyns, fötlunar, trúarbragða, hinseginleika eða annarra þátta og að starfið sé í samræmi við [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#) og þau lög sem gilda um mannréttindi. Leitast er við að efla með börnunum vitund um réttindi og skyldur.

● Forvarnarstarf

Í frístundastarfi er mikilvægt að efla og styrkja heilsu og velferð, hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi barna og unglinga. Sjá nánar [um lýðheilsu og forvarnir í Reykjavík](#).



Hlutverk skrifstofu frístundamála hjá SFS

Skrifstofa frístundamála leiðir stefnumótun og hefur yfirumsjón með frístundastarfi á vegum Reykjavíkurborgar fyrir börn og unglinga. Hlutverk skrifstofunnar er að efla og þróa fagumhverfi frístundastarfs með áherslu á börn og unglinga. Þátttaka í ýmsum þverfaglegum samstarfsverkefnum er liður í því. Skrifstofan er ráðgefandi fyrir skóla- og frístundaráð.

Frístundamiðstöðvar heyra undir skrifstofu frístundamála sem jafnframt er ráðgefandi fyrir þær og aðra sem veita sambærilega frístundapjónustu á vegum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur umsjón með innleiðingu og framkvæmd á innra mati á starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Matið byggir meðal annars á [Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs](#).

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs starfa einnig skrifstofur leikskóla og grunnskóla, sem auðveldar samstarf á sviði skóla- og frístundastarfs. Á skrifstofu SFS eru einnig skrifstofa stjórnsýslu, gagna og gæða, lögfræðipjónusta, fjármála- og rekstrarþjónusta, mannauðsþjónusta og nýsköpun og þróun. Undir nýsköpun og þróun falla m.a. [skólahljómsveitirnar](#), [Mixtúra](#), [Miðja máls og læsis \(MML\)](#), [Jafnréttisskóli Reykjavíkur](#), [Barnamennningarhátíð](#), alþjóðasamstarf og styrkir og [Skrekkur](#), hæfileikakeppni grunnskólanna. Allar þessar deildir eru jafnframt frístundamiðstöðvum til stuðnings.



Gildi frístundastarfs

Frítíminn er góður vettvangur fyrir uppeldisstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska og færni með fjölbreyttum viðfangsefnum og reynslunámi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur á Íslandi 2013 eiga börn rétt til tómstunda og skapandi starfs.

Í starfi frístundamiðstöðvanna er unnið mikilvægt forvarnarstarf og börnum og unglingum skapaður jákvæður valkostur í frítímanum með fagfólki, öruggu umhverfi og innihaldsríku starfi. Þar gefst gott tækifæri til að börn læri um mikilvægi þess að eiga uppbyggilegan frítíma sem byggir á frjálsu vali einstaklingsins, skapar tækifæri til reynslu og hefur jákvæð áhrif á velferð, lífsgæði og lífsfyllingu (Alfa Aradóttir o.fl., 2017). Útinám og vettvangsferðir eru vænleg leið til að gefa börnum kost á að kynnast náttúrunni og öllu því sem hún hefur upp á að bjóða, meðal annars með það að markmiði að efla skilning á umhverfinu, þroska líkamlega færni, samskiptafærni og tengsl við sjálfan sig, náttúruna og aðra (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2024).

31. gr. Barnasáttmálans:

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.
2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

Skipulagt frístundastarf hefur þrífætt uppeldisgildi

Forvarnargildi

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Rannsóknir sýna að verulega hefur dregið úr reykingum og áfengis- og fíkniefnaneyslu hjá unglingum á grunnskólaaldri frá síðustu aldamótum. Talið er að þátttaka í skipulögðu frístundastarfi hafi þar haft jákvæð áhrif, auk þess sem hún hefur jákvæð áhrif á námsárangur. Með því að bjóða börnum og ungu fólki upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með sterkum fyrirmyndum aukast líkur á því að þau kjósi heilbrigðan lífstíl og forðist áhættuhegðun (Hrefna Pálsdóttir o.fl. 2013; Kristjansson o.fl., 2020; Sigfusdóttir o.fl., 2020).

Menntunargildi

Í frítímanum fást börn og ungmenni við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun. Þátttaka í slíkum verkefnum færir unga fólkinu reynslu og þekkingu sem það býr að og getur yfirfært á samfélagið. Hér er ekki um formlegt nám að ræða heldur er lögð áhersla á reynslunám og hálfformlegt nám. Með hálfformlegu námi er átt við nám sem ekki á sér stað á vegum skilgreindra menntastofnana og endar með prófi. Í hálfformlegu námi er þó unnið að fyrirfram settum markmiðum og leiðbeinendur veita þann stuðning sem þarf til að þau náist innan ákveðins tímaramma. Í frístundastarfi á sér einnig stað svokallað óformlegt nám en það er nám í gegnum viðfangsefni í daglegu lífi í tengslum við vinnu, fjölskyldu eða frítíma. Ekki er um að ræða skipulagða fræðslu hvað varðar markmið, námstíma eða stuðning og er námið yfirleitt ómeðvitað (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2017).

Afþreyingargildi

Að skemmta sér, hlæja og verja tíma í góðum hópi án sýnilegs markmiðs er mikilvægur hluti af lífinu og nauðsynlegt að skapa börnum, unglingum og ungu fólki tíma og aðstöðu til afþreyingar undir þessum formerkjum. Börn og unglingar hafa þörf fyrir að tilheyra hópi, eiga í samskiptum og njóta samveru með jafningjum. Þar að auki sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess að börn og unglingar geti litið til annarra fullorðinna, auk foreldra sinna, sem fyrirmýnda og myndað við þá tengsl (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019).

Samspil gilda

Forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi frítímans skarast oft í starfsemi á vegum frístundamiðstöðva. Sköpun, félagsleg virkni og frjáls leikur hefur afþreyingargildi en hefur að sama skapi bæði forvarnar- og menntunargildi. Þegar börn í frístundaheimili horfa á skemmtilega bíómynd skapast vettvangur fyrir umræður um efni myndarinnar þar sem færi gefst á að ræða gildi og viðmið samfélagsins og skoðanir hvers og eins. Það má jafnframt nýta myndina til að þjálfra framsögn, segja frá myndinni eða afmörkuðum þáttum hennar. Í félagsmiðstöðvastarfi er ball í sjálfu sér afþreying en um leið eru unglingar að þjálfra samskiptafærni sína í öruggu umhverfi án vímugjafa undir umsjón fagfólks. Þegar skipulagning og framkvæmd viðburðarins er svo einnig í höndum unglinganna sjálfra öðlast þeir reynslu af verkefnastjórnun og þjálfast í því að axla ábyrgð, koma fram og sjá hugmyndir sínar verða að veruleika.

Mestu máli skiptir sú hugmyndafræði og þau markmið sem liggja að baki starfinu og hvernig staðið er að framkvæmd viðfangsefna frekar en að horfa eingöngu á viðfangsefnið sjálft.



Lykilfærni í frístundastarfi

Í frístundastarfi gefst tækifæri til að styðja við grundvallarþætti Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 sem eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Þar er lögð áhersla á að unnið sé að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Grundvallarþættir menntastefnunnar falla vel að áherslum frístundastarfsins. Þar gefast ótal tækifæri til að vinna með þætti sem efla og styrkja einstaklinga og hópa til virkrar þátttöku í samfélaginu. Í starfi frístundamiðstöðvanna

er lögð megináhersla á að vinna með sjálfsefningu, umhyggju, félagsfærni og virkni og þátttöku. Einstaklingar sem hafa góð tök á þessum þáttum standa almennt vel að vígi á fullorðinsárum. Frítíminn skipar stóran sess í lífi barna og unglinga og í gegnum viðfangsefni í frítímanum gefst börnum og unglingum tækifæri til að spegla skoðanir sínar og viðhorf í jafningjahópi á sínum forsendum. Það starf sem unnið er á vettvangi frítímans og inni í skólakerfinu styður hvort við annað í átt til aukinnar færni. Með virkri þátttöku í frítímanum skapast annars konar tækifæri fyrir börn og unglinga til þjálfunar og í öðru samhengi og umhverfi (Alfa Aradóttir o.fl., 2017).

Sjálfsefning

Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra (Reykjavíkurborg, e.d.; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Í frístundastarfi er mikilvægt að stuðla að sjálfsefningu og því að einstaklingar öðlist færni í að:

- Þekkja eigin tilfinningar, styrkleika sína og áskoranir og hafa trú á eigin getu.
- Takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs.
- Bera ábyrgð á eigin lífi, m.a. með því að taka ákvörðun um að lifa heilbrigðu lífi.
- Móta eigin ímynd og lífsskoðanir á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.

Umhyggja

Umhyggja felur annars vegar í sér skyldur, tengsl og samkennd og hins vegar vilja, hvöt og áhuga til að skilja aðra og veita þeim umhyggju. Gagnkvæm virðing og umhyggja eru mikilvægur grunnur í mótun samfélaga, farsælla samskipta og réttlætiskenndar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Meginmarkmið með því að rækta umhyggju barna og unglinga í frístundastarfi eru að þau:

- Beri umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.
- Taki siðferðilega afstöðu til álitamála og tileinki sér muninn á réttu og röngu.
- Sýni umburðarlyndi og beri virðingu fyrir öðrum.
- Læri að veita og njóta umhyggju.
- Læri að meta og rækta vináttu.

Félagsfærni

Félagsfærni miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. Heilbrigð sjálfsmynd er grundvöllur félagsfærni sem tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Einstaklingar með góða félagsfærni eru líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og aðlaga sig breyttum aðstæðum. Þroskuð félagsfærni er grunnur að lífshamingju og lífsfyllingu hvers einstaklings (Reykjavíkurborg, e.d.; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Meginmarkmið með þjálfun félagsfærni í frítímanum eru að einstaklingar:

- Geti sett sig í spor annarra.
- Geti lifað í samfélagi við aðra í sátt og samlyndi.
- Beri virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, trú eða líkamlegu og andlegu atgervi.
- Skilja og virða reglur samfélagsins.

Virgni og þátttaka

Virgni og þátttaka fela í sér færni til að skynja og skilja hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. Með virgni og þátttöku er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur, hvort sem er í raunheimum eða stafrænum heimi (Reykjavík, e.d.; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Í frístundastarfi geta einstaklingar lært að:

- Þroska borgaravitund og færni í að vera ábyrgir þátttakendur í samfélaginu og bæta umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum og umræðu.
- Huga að sjálfbærni sem hvetur til þess að auðlindir jarðar (samfélag, efnahagur og náttúra) séu varðveittar fyrir núverandi og framtíðar kynslóðir.
- Þroska alþjóðavitund og skilning á grundvallar mannréttindum.
- Vera gagnrýnir og taka ábyrga afstöðu gagnvart ýmsum samfélagslegum málum.
- Sýna frumkvæði og vera skapandi í hugsun og gjörðum.
- Þekkja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og önnur réttindi og skyldur barna.

Frístundamiðstöðvar

Málefni frístundamiðstöðva heyra undir Mennta- og barnamálaráðuneyti sem hefur sett sér stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030, sem hefur fengið heitið [Framtíðin](#). Í stefnunni er lögð áhersla á tryggja öllum börnum og ungmennum fjölbreytt og framúrskarandi tómstunda- og félagsstarf með virka þátttöku að leiðarljósi.

SFS starfrækir fjórar [frístundamiðstöðvar í Reykjavík](#), Tjörnina í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, Kringlumýri í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum, Miðberg í Breiðholti og Brúna í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal og Kjalarnesi. Frístundamiðstöðvarnar eru í miklu samstarfi við miðstöðvar borgarinnar þar sem íbúar og starfsfólk geta fengið þjónustu, upplýsingar, stuðning og ráðgjöf á sviði velferðar-, skóla- og frístundamála. Í starfi miðstöðvanna er lögð áhersla á samstarf og samþættingu þjónustu milli þeirra sem koma að uppeldi og menntun barna í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Vettvangur frístundamiðstöðva er frítíminn. Það er sá tími sem gefst þegar skyldum við skóla eða vinnu og heimili lýkur (Árnastofnun, e.d.). Í öllu starfi frístundamiðstöðva er unnið út frá leiðarljósum, gildum og lykilfærni frístundastarfs SFS. Starfsemi frístundamiðstöðva miðar að því að efla félagsauð hverfanna með því að stuðla að heilbrigði og félagslegri þátttöku.

Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf undir leiðsögn fagfólks. Frístundamiðstöðvar sjá í flestum tilfellum um rekstur félagsmiðstöðva og frístundaheimila í sínu hverfi. Að auki fellur þar undir starfsmannahald, rekstur, fjármál, húsnæðismál, tækjamál, aðstoð við innra mat frístundaheimila og félagsmiðstöðva o.fl.

Frístundamiðstöðvar leggja metnað í að ráða hæft, ábyrgt og áhugasamt fólk til starfa og að starfsfólk hafi til að bera menntun í tómstunda- og félagsmálafræði eða aðra uppeldismenntun á háskólastigi, fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Frístundamiðstöðvar starfa náið með mannauðsþjónustu SFS varðandi starfsmannamál. Hjá Reykjavíkurborg er virk [mannauðsstefna](#) og mannréttindastefna og starfsfólk ber að starfa í samræmi við réttindi og skyldur í [kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis](#). Að auki vinna frístundamiðstöðvar eftir [Siðareglum starfsmanna Reykjavíkurborgar](#) og styðjast við [Siðareglur Félags fagfólks í frítímabjónustu](#). Gerð er krafa um að forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva séu með háskólapróf á sviði uppeldismenntunar, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun. Einnig er gerð krafa um meistaraþróf á sviði uppeldismenntunar eða stjórnunar eða mikla starfs- og stjórnunarreynslu á viðkomandi sérfræðisviði. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólapróf á uppeldissviði, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði eða aðra sambærilega menntun. Frístundaleiðbeinendur hafa aðra fjölbreytta menntun og reynslu sem nýtist í starfi. Í starfsskránni er orðið starfsfólk notað til að ná yfir öll þessi starfsheiti. [Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva](#) getur verið góður stuðningur fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva ásamt öryggisverkferlum fyrir [frístundaheimili](#) og [félagsmiðstöðva](#).

Tekið er mið af samfélagslegri þróun og áherslum á hverjum tíma og er starfsemi frístundamiðstöðva því í eðli sínu síbreytileg með rætur í hugmyndafræði sem setur starfinu faglega umgjörð.

Miðlæg verkefni frístundamiðstöðva

Ungmennaráð

- Í hverjum borgarhluta er starfandi ungmennaráð. Fulltrúar í ráðunum eru á aldrinum 13-18 ára og eru ráðin opin öllum áhugasömum ungmennum. Tveir til fjórir fulltrúar úr hverju ungmennaráði mynda Reykjavíkurráð ungmenna.
- Markmið með starfi ungmennaráða er tvíþætt:
 - » Að gefa ungmennum sem ekki hafa kosningarétt möguleika á að koma þeim málefnum sem á þeim brenna á framfæri við viðeigandi aðila.
 - » Að þátttakendur fái þjálfun og fræðslu í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Aðstaða

- Þar sem því verður við komið er aðstaða og/eða búnaður fyrir frístunda- og félagsstarf í hverfum leigt út eða lánað íbúum í hverfinu, s.s. til fundarhalda eða hverskonar félagsstarfs. Sérstök áhersla er á starf fyrir börn, unglinga og ungt fólk.
- Markmið með útláni og leigu er að veita þeim aðilum sem ekki hafa slíka aðstöðu möguleika á að halda úti sínu starfi og styðja þannig við fjölbreytt hverfa- og félagsstarf.
- Frístundamiðstöðvar leitast við að byggja upp og halda úti, í samstarfi við aðra, fjölbreyttri aðstöðu til iðkunar útivistar og jaðaríþrótta í hverfum borgarinnar.

Hverfasamstarf og félagsauður

- Frístundamiðstöðvar eiga ýmist frumkvæði að eða eru þátttakendur í ýmiss konar hverfasamstarfi. Hér er átt við vinnu vegna eflingar félagsauðs og þátttöku í verkefnum til að stuðla að framþróun í hverfum.
- Starfsfólk frístundamiðstöðva hvetur börn til þátttöku í frístundastarfi í sínu hverfi og að þau finni áhugamálum sínum farveg. Leitast er við að miðla upplýsingum um framboð á frístundastarfi til hverfisbúa í samstarfi við miðstöð hverfisins.

Frístundaheimili fyrir 6–9 ára



Öllum börnum í 1.– 4. bekk stendur til boða að sækja frístundaheimili að loknum skóladegi og í skólafríum. Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum grunnskólanna, á starfsdögum og í sumarleyfum frístundaheimilanna. Frístundaheimilin starfa samkvæmt samþykktum [Reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkur](#). Leitast er við að starfsemi frístundaheimila, yngsta stigs grunnskóla og leikskóla samnýti aðstöðu eins og kostur er. Undir einu þaki fléttist saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar starfsstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánu samstarfi í samræmi við [Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#). Mikilvægt er að frístundaheimili hafi aðstöðu sem hentar starfseminni á forsendum innihaldsríks frístundastarfs fyrir þau börn sem frístundaheimilið sækja.

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf eftir að skóladegi barna í 1.–4. bekk lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsemi frístundaheimila byggir á hugmyndafræði frístundamiðstöðva og frístundastarfs án aðgreiningar. Markmið frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkan frítíma þar sem börnin fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni og samskipti í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér,

öðrum og umhverfi sínu. Frístundaheimilin vinna að því að efla sjálfstraust, sjálfstæði og félagslega færni barnanna. Í þessu skyni leitast frístundaheimili við að nota lýðræðislega starfshætti eins og barnaráð og barnafundi til að efla hæfni barnanna við að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2012; Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017; Fatou Ndure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir, 2018; Lilja Marta Jökulsdóttir, 2022; Viktor Orri Þorsteinsson, 2025). Samstarf við foreldra barnanna, starfsfólk grunnskóla og aðra sem koma að umönnun og fræðslu þeirra yfir daginn er veigamikill þáttur í starfinu (Hafðís Oddgeirsdóttir, 2024). Í Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eru frístundaheimili talin til þjónustuveitenda í farsældarþjónustu og fulltrúar þeirra taka þátt í lausnateymum.

Leitast er við að veita öllum börnum þjónustu óháð getu þeirra, þroska eða fötlun. Markmiðið er að öll börn eigi kost á að taka þátt í starfinu og að unnið sé út frá styrkleikum þeirra. Mikið er lagt upp úr öryggi barnanna og unnið er eftir öryggisverkferlum í daglegu starfi.

Fötluað börn í almennum grunnskólum, sérskólum og sérdeildum grunnskóla sækja frístundaheimili sem starfar við viðkomandi skóla. Unnar eru einstaklingsáætlanir fyrir fötluað börn og starf fyrir þau er samþætt eins og hægt er við almennt starf frístundaheimila.

Starfsþættir frístundaheimila

Eftirfarandi starfsþáttum í starfi frístundaheimila er ætlað að styðja við sjálfseflingu, félagsfærni, umhyggju og virkni og þátttöku barna:

Frjáls leikur og val

Markmið með frjálsum leik og vali er að börnin fái tækifæri til að sinna sínum hugðarefnum og áhugamálum og þjálfist þannig í að eiga innihaldsríkan frítíma sem þau hafa sjálf áhrif á að móta. Mikilvægt er að börnin hafi sjálf alltaf áhrif á þau viðfangsefni sem standa þeim til boða (Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017).

- Áhersla er lögð á frjálsan leik og uppeldislegt gildi hans.
- Börnin eru höfð með í ráðum varðandi viðfangsefni og val, m.a. með barnafundum og aðkomu barnaráða.
- Í frjálsum leik og vali er lögð áhersla á að börnin læri að taka ákvarðanir og að þau hafi vettvang til að þroskast og efla félagsleg samskipti í gegnum frjálsan leik.

Hópastarf

Í hópastarfi er unnið að sameiginlegum viðfangsefnum þar sem áhersla er lögð á samstarf, samræðu og samhygð. Hópastarf felur í sér að ferlinu er stýrt af fagfólki sem leiðbeinir einstaklingum í hópi með að ná sameiginlegu markmiði sem getur verið af einstaklings-, samskipta- eða verkefnatengdum toga (Viktor Orri Þorsteinsson, e.d.).

- Annars vegar er unnið með sértæka hópa þar sem einstaklingar þurfa sérstakan stuðning og hins vegar er unnið í áhugasviðshópum, aldurshópum eða út frá ákveðnu þema.
- Í hópastarfi gefst tækifæri á persónulegri nálgun og þátttakendur kynnast betur innbyrðis. Hópastarfið býður upp á opnar spurningar og umræður um gildi og viðhorf ásamt því að veita tækifæri til þess að efla samskiptahæfni og sýna umhyggju.
- Lýðræði er mikilvægur grunnur í hópastarfi. Markvisst er unnið að því að virkja öll til þátttöku og að öll hafi möguleika á að hafa áhrif á starf og viðfangsefni hópsins.

Viðburðir

Viðburðir sem frístundaheimili standa fyrir geta verið af ýmsum toga. Í mörgum tilfellum er um að ræða viðburði sem börn hafa sjálf komið með hugmyndir um og hafa tekið að sér að skipuleggja og framkvæma í samstarfi við starfsfólk. Viðburðir geta verið í formi sýninga, menningarviðburða, foreldradaga, dansleikja, keppna, ferða, þemadaga eða heimsókna, ýmist hver starfsstaður fyrir sig eða í samstarfi við aðra.

- Undirbúningur viðburða gefur börnum tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli.
- Við undirbúning og framkvæmd sameiginlegra viðburða gefst tækifæri til þess að kynnst öðrum börnum, víkka sjóndeildarhringinn og prófa ný viðfangsefni sem er mikilvægur þáttur í því að þroska félagsfærni.
- Í viðburðum eins og t.d. ferðum gefast börnum tækifæri til að kynnst fjölbreyttu frístundastarfi og oft er útivist stór þáttur í slíkum ferðum. Ferðir reyna á félagsfærni þar sem samvera er mikil og þar getur skapast gott tækifæri til að vinna með samvinnu og samskipti innan hópsins.
- Viðburðir veita gott tækifæri til að kynnst og skapa samkennd innan hópsins.

Fræðsla/smiðjur

Markmið með fræðslu og smiðjum í frístundaheimilum er að auka þekkingu og efla viðsýni gagnvart viðkomandi málefnum. Fræðsla getur verið mikilvæg forvörn sem hvetur börnin til að velja heilbrigð viðfangsefni í frítímanum og í gegnum smiðjustarf fá börnin tækifæri til að prófa ný og spennandi viðfangsefni.

Í fræðslu og smiðjum kynnst börn nýjum viðfangsefnum sem veita þeim tækifæri til að upplifa, læra og njóta.

- Í vettvangsferðum fræðast börn um umhverfi sitt, borgina og ýmsar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök.
- Reynt er að koma til móts við fjölbreytt áhugasvið og þær hugmyndir sem kvikna í barnahópnum.
- Í umræðum og fræðslu um ýmis málefni sem eru efst á baugi í barnahópnum hverju sinni í samræmi við aldur og þroska barnanna felast námstækifæri.
- Hugmyndafræði reynslunáms er notuð markvisst í fræðslu og smiðjum á vettvangi frístundaheimilanna. Börnin eru markvisst hvött til að takast á við nýjar áskoranir og læra af þeim viðfangsefnum sem þau fást við.

Félagsmiðstöðvar fyrir 10–16 ára



Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru fyrir börn og unglinga á aldrinum 10–16 ára. Félagsmiðstöðvarnar starfa samkvæmt samþykktum [Reglum um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkur](#). Leitast er við að byggingar fyrir eldri grunnskólabörn og unglinga nýtist vel bæði grunnskóla og félagsmiðstöð. Þar sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum, s.s. fyrir verk- og listnám, félagsmiðstöðvastarf og íþróttaiðkun, í samræmi við [Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#). Mikilvægt er að félagsmiðstöðvar hafi aðstöðu sem hentar starfseminni á forsendum innihaldsríks frístundastarfs fyrir þau börn og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja.

Hlutverk félagsmiðstöðva er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þeirra að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10–16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi, undir handleiðslu fagfólks. Félagsmiðstöðvar leitast við að nota lýðræðislega starfshætti eins og félagsmiðstöðvaráð/dagskrárfundi til að efla hæfni barna og unglinga við að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglinga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hópastarf og opið starf eru þar kjölfestan (Eygló Rúnarsdóttir, 2017; Árni Guðmundsson, 2007).

Félagsmiðstöðvar starfa allt árið en opnunartími getur breyst eftir árstíma. Opnunartími er auglýstur á heimasíðu viðkomandi félagsmiðstöðvar og fer fram eftir að skóladegi lýkur á veturna. Félagsmiðstöðvar eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla, á starfsdögum og í sumarleyfum félagsmiðstöðvanna. Önnur starfsemi félagsmiðstöðva felur í sér hópastarf, viðveru og fræðslu fyrir börn og unglinga á skólatíma, viðtalstíma starfsfólks eða annað sambærilegt sem fellur að áherslum í félagsmiðstöðvastarfi.

Samstarf við foreldra barna og unglinga, starfsfólk grunnskóla og aðra sem koma að umönnun og fræðslu þeirra yfir daginn er veigamikill þáttur í starfinu. Í Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eru félagsmiðstöðvar taldar til þjónustuveitenda í farsældarþjónustu og fulltrúar þeirra taka þátt í lausnateymum.

Sértækar félagsmiðstöðvar, fyrir 10–16 ára börn og unglinga með fötlun, eru starfræktar á fimm stöðum í borginni. Þær bjóða upp á frístundastarf eftir að skóladegi lýkur og í skólafríum, en eru lokaðar í vetrarfríum grunnskóla og sumarleyfum. Starfsemi sértækra félagsmiðstöðva er samþætt eins og hægt er við annað félagsmiðstöðvastarf. Unnar eru einstaklingsáætlanir fyrir fötluð börn, hvort sem þau sækja sértækar félagsmiðstöðvar eða almennar.

Allar félagsmiðstöðvar eru fyrir öll börn og unglinga en Reykjavíkurborg starfrækir jafnframt Hinsegin félagsmiðstöð í samstarfi við Samtökin '78. Markmið starfsins er að veita hinsegin börnum og unglingum öruggt rými til að vera þau sjálf.



Starfsþættir félagsmiðstöðva

Eftirfarandi starfsþáttum í starfi félagsmiðstöðva er ætlað að styðja við sjálfseflingu, félagsfærni, umhyggju og virkni og þátttöku barna og unglunga:

Opið starf

Meginmarkmið með opnu starfi er að skapa börnum og unglingum vettvang til að hittast á hlutlausum og öruggum stað þar sem hægt er að koma á eigin forsendum og vera virk á þann hátt sem hentar hverju sinni undir handleiðslu fagfólks. Í opnu starfi geta þau sinnt sínum hugðarefnum og áhugamálum og þjálfast í að eiga innihaldsríkan frítíma sem þau hafa sjálf áhrif á að móta (Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, 2017)

- Hluti opnunartíma er skilgreindur sem opið starf, þar sem hægt er að taka þátt í samveru og ýmiss konar afþreyingu, s.s. spjall, borðtennis, bandý, billjard, spil, tölvuleikir, hlusta á og spila tónlist og ýmis skapandi verkefni. Stundum er árgöngum skipt upp og unnið með þá einn í einu, allt eftir stærð hópsins og þörfum hans hverju sinni.
- Áhersla er lögð á að virkja börn og unglunga til þátttöku og veita þeim vettvang til ánægjulegra samveru með jafnöldrum sínum undir leiðsögn starfsfólks.
- Í opnu starfi eru börn og unglingar höfð með í ráðum varðandi val á viðfangsefnum, m.a. með stórfundum, hugmyndakössum, í gegnum samskiptamiðla og aðkomu miðstigs- og unglingaráða.
- Opið starf er kjörinn vettvangur fyrir börn og unglunga til að mynda tengsl hvert við annað og fyrir starfsfólk til að spjalla og tengjast þeim.

Hópastarf

Í hópastarfi er unnið að sameiginlegum viðfangsefnum þar sem áhersla er lögð á samstarf, samræðu og samhygð. Hópastarf felur í sér að ferlinu er stýrt af fagfólki (hópleiðurum) sem leiðbeinir einstaklingum í hópi með að ná sameiginlegu markmiði sem getur verið af einstaklings-, samskipta- eða verkefnatengdum toga (Ása Kristín Einarsdóttir, 2025; Hópastarf í félagsmiðstöð, e.d.)

- Hópastarf í félagsmiðstöðvum er í flestum tilvikum öllum opið og þátttaka valfrjáls. Hópar geta starfað í lengri eða skemmri tíma, allt eftir áhuga barna og unglinga, markmiðum og viðfangsefnum hópastarfsins hverju sinni. Í sértæku hópastarfi er unnið með einstaklinga sem sérstaklega eru valdir í hópin, oft í samráði við aðra fagaðila, vegna félagslegrar óvirkni eða áhættuhegðunar.
- Í hópastarfi gefst tækifæri á persónulegri nálgun og að tilheyra hópi. Með þátttöku í hópastarfi skuldbinda börn og unglingar sig til að taka þátt í því starfi sem fram fer í hópinum.
- Hópastarfið býður upp á formlega og óformlega fræðslu, s.s. um heilbrigðan lífsstíl, einelti, kynheilbrigði, ofbeldi, mannréttindi, lýðræði, skaðsemi vímuefna og örugga netnotkun. Tækifæri gefast til að þjálfra félagsfærni, styrkja sjálfsmynd, sýna umhyggju og þroska með sér hópvitund. Unnið er með opnar spurningar, virka hlustun og umræður um gildi og viðhorf.
- Mikilvægt er að unnið sé á lýðræðislegan hátt í hópastarfinu, markvisst sé unnið að því að virkja alla til þátttöku og að öll hafi möguleika á að hafa áhrif.
- Hópastarf gerir alla jafna meiri kröfu um foreldrasamstarf en opið starf. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um hópastarfið og virkir samstarfsaðilar.

Viðburðir

Viðburðir sem félagsmiðstöðvar standa fyrir í sínu starfi geta verið af ýmsum toga. Í flestum tilfellum er um að ræða viðburði sem börn og unglingar hafa sjálfir komið með hugmyndir að og hafa tekið að sér að skipuleggja og framkvæma í samstarfi við starfsfólk. Til dæmis geta þeir verið í formi sýninga, dansleikja, keppna, ferða, þemakvölda, heimsókna o.fl, ýmist hver starfsstaður fyrir sig eða í samstarfi við aðra.

- Ákveðinn hópur eða einstaklingar halda viðburð, t.d. fyrir önnur börn og unglinga.
- Undirbúningur viðburða gefur börnum og unglingum tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli.
- Í viðburðum, s.s. styttri og lengri ferðum, gefst færi á að kynna fyrir börnum og unglingum möguleika á frístundastarfi sem hægt er að stunda ótengt húsnæði félagsmiðstöðvarinnar og útivist er yfirleitt stór þáttur í slíkum ferðum. Ferðir reyna á félagsfærni þar sem nálægðin er mikil og þannig gefst gott tækifæri til að vinna með samskipti, trúnað og traust innan hópsins.
- Viðburðir veita gott tækifæri til að mynda persónuleg tengsl og skapa samkennd innan hópsins. Oft eru börn og unglingar að upplifa ný og spennandi viðfangsefni sem víkka hjá þeim sjóndeildarhringinn.

Fræðsla/smiðjur

Markmið með fræðslu og smiðjum er að auka víðsýni, þekkingu á málefnum líðandi stundar og styðja við skapandi viðfangsefni. Fræðsla er mikilvægur liður í forvarnarstarfi félagsmiðstöðva og styður börn og unglinga í að velja jákvæðan lífsstíl. Dæmi um viðfangsefni í fræðslu geta verið einelti, fordómar, kynfræðsla, hópefli og sjálfstyrking. Í smiðjum eru viðfangsefnin fjölbreytt, s.s. leiklist, föndur, útiældun og matseld.

- Formleg fræðsla þar sem börnum og unglingum er boðið upp á fræðsluerindi ýmist í opnu starfi eða hópastarfi með fyrir fram ákveðið viðfangsefni.
- Óformleg fræðsla þar sem starfsfólk grípur þau tækifæri sem gefast í starfinu til umræðna og skoðanaskipta í hópnum um málefni sem varða börn og unglinga á einn eða annan hátt. Starfsfólk leiðbeinir, hvetur til gagnrýnnar hugsunar og ýtir undir að einstaklingar myndi sér sjálfstæðar skoðanir, sem byggja á traustum grunni.
- Í smiðjum kynnast börn og unglingar nýjum viðfangsefnum sem veita þeim tækifæri til að upplifa, læra og njóta.
- Reynt er að koma til móts við fjölbreytt áhugasvið og þær hugmyndir sem kvikna í hópnum. Einnig gefst tækifæri til að kynna fyrir þátttakendum fjölbreytta möguleika á uppbyggilegu frístundastarfi og vekja áhuga þeirra á þátttöku í slíku starfi.
- Hugmyndafræði reynslunáms er notuð markvisst í fræðslu og smiðjum. Börn og unglingar eru markvisst hvött til að takast á við nýjar áskoranir, ígrunda reynsluna og læra af þeim viðfangsefnum sem þau fást við hverju sinni.

Vettvangsstarf

Markmið með vettvangsstarfi félagsmiðstöðva er að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglinga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi (Andrea Marel og Eva Halldóra Guðmundsdóttir, 2020; Andrea Marel, 2024).

- Hver frístundamiðstöð heldur úti vettvangsstarfi fyrir sitt hverfi og skipuleggur vettvangsstarfsvaktir. Auk þess taka félagsmiðstöðvarnar þátt í samstarfi þvert á hverfi til að bregðast við hópamyndunum og athvarfsvöktum í miðbænum í samstarfi við lögreglu og félagsþjónustu þegar þörf krefur.
- Upplýsingaöflun er mikilvægur þáttur í vettvangsstarfinu. Með góðri yfirsýn er auðveldara að kortleggja stöðuna og vinna markvisst að forvörnum, stuðningi og að ná til þeirra sem ekki eru virkir í starfi félagsmiðstöðvanna.
- Með vettvangsstarfi er leitast við að tengjast unglingum sem sýna áhættuhegðun, styðja þau og leiðbeina þeim. Reynt er að tengja þá við rétta fagaðila með samþykki foreldra og hjálpa þeim að leita sér hjálpar.
- Vettvangsstarfið getur haft jákvæð áhrif á hverfisbraginn, styður við foreldrarölt og það félagslega umhverfi sem börn og unglingar búa við. Þegar starfsfólk er til staðar fyrir unglinga sem á þurfa að halda getur það enn frekar veitt þeim stuðning.

Kynningarstarf og samvinna

Upplýsingagjöf:

Mikilvægt er að vel og faglega sé staðið að allri upplýsingagjöf til barna og unglinga og annarri kynningu á starfinu s.s. á samráðsfundum, foreldrakynningum, kynningum fyrir leik- og grunnskólakennara og fyrir foreldrafélög grunnskólanna. Fréttabréf, heimasíður, samskiptasíður, samfélagsmiðlar og upplýsingapóstur eru dæmi um leiðir sem starfsfólk nýtir sér í þessum tilgangi. Við upplýsingagjöf er mikilvægt að vinna í samræmi við [Reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi](#) og [Reglur um samfélagsmiðla](#).

Foreldrasamstarf:

Gott samstarf við foreldra er mikilvægt þegar unnið er með börnum og unglingum sem sækja frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Áhersla er lögð á að foreldrar mæti góðu viðmóti þegar þeir hafa samband eða koma á starfsstaðinn og að starfsfólk sé tilbúið að aðstoða og upplýsa um starfsemina. Leitast er við að foreldrar eigi greiðan aðgang að upplýsingum um frístundastarfið og geti átt samtal við starfsfólk um líðan og farsæld barna sinna. Samstarfið getur verið með formlegum og óformlegum hætti.

Allar grunnupplýsingar um frístundaheimili/félagsmiðstöðvar geta foreldrar nálgast á heimasíðum þeirra. Að auki hafa foreldrar oft aðgang að upplýsingum, starfsfólki og öðrum foreldrum í gegnum samfélagsmiðla starfsstaða. Forstöðumenn velja þá leið sem þeir meta besta hverju sinni til að vera í samskiptum við foreldra, hvort sem um er að ræða málefni einstaklinga eða hópa. Foreldrum er boðið á viðburði í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, s.s. félagsmiðstöðvadaminn, foreldrakaffi og hæfileikakeppnir. Einnig er áhersla lögð á gott samstarf við foreldrafélög skólanna.

Í starfsmannahandbókum frístundaheimila og félagsmiðstöðva er að finna nánari upplýsingar um foreldrasamstarf.

Samstarf við aðra:

Helstu samstarfsaðilar frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila auk foreldra eru leik- og grunnskólar, frjáls félagasamtök í hverfinu, miðstöðvar, heilsugæsla, lögregla og aðrir aðilar sem starfa í viðkomandi hverfi. Samstarf við önnur frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hefur einnig eftir starfsemina til muna. Samstarf þessara aðila leggur grunn að góðum uppeldisskilyrðum og félagsauði í viðkomandi borgarhluta og er mikilvægur hluti þess forvarnarstarfs sem fyrrnefndir aðilar sinna.

Með góðu samstarfi við aðra sem bjóða upp á frístundastarf gefst oft gott tækifæri í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum til að kynna fyrir börnunum fjölbreytt viðfangsefni í frítímanum.

Heimildaskrá

Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstj.). (2017). *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans*. Félags fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofnun í tómstundafræðum. <https://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/2023-08/Fri%CC%81stundir%20og%20fagmennskalH2023.pdf>

Andrea Marel. (2024). „Vettvangsstarf er lífsnauðsynlegur hlekkur í stuðningskerfi varðandi börn“. Sýn fagfólks á vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/48615>

Andrea Marel og Eva Halldóra Guðmundsdóttir. (2020). *Handbók starfsfólks – Leiðarvísir og gagnlegar upplýsingar fyrir vettvangsstarf félagsmiðstöðva*. Frístundamiðstöðin Tjörnin. https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/handbok_um_vettvangsstarf_felagsmidstodva.pdf

Árnastofnun. (e.d.). Íðorðabankinn. Orðasafn í tómstundafræði. <https://idordabanki.arnastofnun.is/leit//ordabok/TOMSTUNDIR>

Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992*. Kennaraháskóli Íslands.

Ása Kristín Einarsdóttir. (2025). „Tíminn er vinur þinn í þessu.“ Ávinningur sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/50076>

Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir. (2017). Félagsmiðstöðvar barna og unglunga. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstj.), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans* (bls. 111–124). Félags fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofnun í tómstundafræðum.

Eygló Rúnarsdóttir. (2017). Lýðræði og frístundastarf. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstj.), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans* (bls. 27–40). Félags fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofnun í tómstundafræðum.

Fatou Ndure Baboudóttir og Tinna Björk Helgadóttir. (2018). *Frístundalæsi*. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. <https://fristundalæsi.reykjavik.is/>

Hafís Oddgeirsdóttir. (2024). „Á endanum snýst þetta allt um börnin“ Hvað einkennir fyrirmyndarsamstarf frístundaheimila og grunnskóla? Hvað styður og hvað hindrar? [óútgefin meistararitgerð]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/48626>

Hópastarf í félagsmiðstöð. (e.d.). Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. <https://sites.google.com/gskolar.is/hopastarf/heim>

Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2013). *Ungt fólk 2013. Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk*. Rannsóknir & greining, unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Jakob Frímann Þorsteinsson. (2024). *Affordances of Outdoor Education in Iceland. How nature contributes to place-based experience, reflection and friendship* [doktorsritgerð]. <https://opinvisindi.is/items/9ff19c79-f8f8-42a6-872b-c418a4c239c6>

Jakob Frímann Þorsteinsson. (2017). Tómsundir og menntun. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstj.), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans* (bls. 51–66). Félags fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómsundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofnun í tómsundafræðum.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2012). *Care, learning and leisure: The organisational identity of after-school centres for six-to nine-year old children in Reykjavík* [doktorsritgerð]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/16754>

Kristjansson A.L., Mann M.J., Sigfusson J., Thorisdóttir I.E., Allegrante J.P. og Sigfusdóttir I.D. (2020). *Implementing the Icelandic Model for Preventing Adolescent Substance Use*. Health Promot Practice, 21(1):70–79. <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/1524839919849033>

Lilja Marta Jökulsdóttir. (2022). *Réttindafrístundaheimili. Greinagerð með handbók fyrir lýðræðis- og mannréttindafræðslu á frístundaheimilum* [óutgefin meistararitgerð]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/42963>

Luckner, J. L. og Nadler, R. S. (1997). *Processing the experience. Strategies to Enhance and Generalize Learning* (2. útg.). Kendall/Hunt Books.

Reykjavík. (e.d.). Stafræn borgaravitund. <https://reykjavik.is/mixtura/stafræn-borgaravitund>

Reykjavíkurborg. (e.d.). Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030. https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-loses22.02.pdf

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks. Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.

Sigfusdóttir, I.D., Soriano H.E., Mann M.J. og Kristjansson A.L. (2020). *Prevention Is Possible: A Brief History of the Origin and Dissemination of the Icelandic Prevention Model*. Health Promot Practice, 21(1):58–61. <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/31841374/>

Steingerður Kristjánsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). *Frístundaheimili – Vettvangur barnanna*. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstj.), *Frístundir og fagmennska – Rit um málefni frítímans* (bls. 101–110). Félags fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttar-, æskulýðs- og tómsundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofnun í tómsundafræðum.

Víktor Orri Þorsteinsson. (e.d.). *Klúbbastarfhjálparinn – Handbók fyrir starfsfólk*. Frístundamiðstöðin Miðberg. <https://menntastefna.is/tool/klubbastarfhjalarinn-handbok-fyrir-starfsmenn/>

Víktor Orri Þorsteinsson. (2025). *Lærdómssamfélag á vettvangi frístundastarfs Birtingamyndir og áskoranir að mati reyndra forstöðumanna* [óutgefin meistararitgerð]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/48335>

